

Sigurður Jónsson,  
Byggingarfulltrúi Seyðisfirði  
Hafnargata 44  
710 Seyðisfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2014  
Tilvísun: UST20140500222/ksj

### Tillaga að staðsetningu brúar yfir Austdalsá.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúans á Seyðisfirði er barst 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að staðsetningu nýrrar brúar á Austdalsá á Seyðisfirði.

#### Framkvæmdin

Á uppdrætti er fylgdi erindinu sést að ætlunin er að nýta veg að Austdalsá og gera brú á nýjum stað norðar en farið er yfir ána á vaði í dag. Sýnt er á uppdrættinum hvernig tengjast á vegi austan árinnar en ekki kemur fram hvernig tenging verður að brú frá vegi vestan árinnar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti sú tenging að vera þannig að sem minnst af nýlagningu vegar þyrfti til.

#### Náttúruminjar

Austdalur er svæði sem er á náttúruminjaskrá, en í skránni segir um svæðið: Vatnasvið Austadalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. Grösugt dalverpi kringum há fjöll. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við allar framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

#### Umhverfismat

Tillaga að brúnni var send til Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði að þar sem nýttir eru núverandi vegir að mestu beggja vegna árinnar, þá teldist hún ekki falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um umhverfismat.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki á framkvæmdasvæðinu og að náttúruminjum verði ekki raskað. Umhverfisstofnun bendir á að uppráttur er fylgir erindinu er ekki deiliskipulagstillaga yfir breytingarnar, né tillaga að aðalskipulagsbreytingu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristin S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björh Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun